



SKÓLANEFND BLÁSKÓGABYGGÐAR

40. fundur skólanefndar Bláskógabyggðar

Miðvikudagur 4. mars 2015

Laugarvatn

Leikskólastig (16:00 – 17:00)

Mætt: Bryndís Böðvarsdóttir formaður (BB), Valgerður Sævarsdóttir varaformaður (VS), Freyja Rós Haraldsdóttir varamaður (FRH) f. Axel Sæland ritara (AS), Hrund Harðardóttir skólastjóri Bláskógaskóla (HH), Elfa Birkisdóttir leikskólastjóri Álfaborgar (EB), Þuríður Ágústa Sigurðardóttir fulltrúi starfsmanna Álfaborgar (ÞÁS), Ingibjörg B. Baldursdóttir deildarstjóri (IB), Sólveig Björg Aðalsteinsdóttir fulltrúi starfsmanna leikskóladeildar Bláskógaskóla (SBA), Valgarður Reynisson fulltrúi foreldra leikskóladeildar Bláskógaskóla (VR).

Forföll: Ásthildur Sigurðardóttir fulltrúi foreldra í Álfaborg.

1. Álfaborg - Símenntunaráætlun

- Sú breyting varð frá starfsáætluninni að síðasti starfsdagur var helgaður jákvæðum aga. Karl Hallgrímsson tónlistarkennari kom með fræðslu um jákvæðan aga. Elfa lýsir ánægju með það og það sé gott ef þessu er fylgt eftir upp í grunnskóla. Jákvæður agi er hluti af stefnu Álfaborgar og það er innleiðingarferli í gangi, sem byrjaði í fyrra, heldur áfram næstu fimm árin.
- Tillaga um að leikskólinn á Laugarvatni taki líka upp stefnu um jákvæðan aga og fylgi Álfaborg eftir í þessu.
- Starfsmenn fá stuðning og hvatningu til að sækja sér sjálf námskeið/formlega menntun. Í starfsmannaviðtölum er rætt hvað starfsmenn hafa áhuga á í tengslum við símenntun.
- Það hefur gengið vel að fylgja símenntunaráætluninni. Byrjað er að skipuleggja hvaða námskeið verða sótt næsta ár. Það kemur þó oft í ljós með stuttum fyrirvara hvað er í boði og ef eitthvað áhugavert kemur upp er reynt að senda starfsmann.

2. Álfaborg - Þróunarverkefni og umsókn um styrk í Sprotasjóð

- Uppeldislegar skráningar eru síðasta skrefið í innleiðingu Reggio Emilia frá 2008. Skráningar erfiðar vegna skorts á tækjabúnaði (tölvur gamlar o.s.frv.). Því hefur verið sótt um styrk í Sprotasjóð upp á tæpa milljón sem fyrirhugað er að nýta t.d. í tækjabúnað, fyrirlestur, yfirvinnu.

3. Álfaborg – áætlaðir starfsdagar næsta skólaár eru sex. Haustþing er reyndar ekki talið með, svo í raun eru starfsdagarnir bara fimm. Skólinn þarf að sækja sérstaklega um auka starfsdag.

4. Bláskógaskóli – Símenntunaráætlun – leikskólakennara

- Ekki náðist að klára símenntunaráætlunina fyrir fundinn.
- Uppástunga að koma jákvæða aganum hér inn, biðja e.t.v. Karl H. að koma með fræðslu. Umræða um hvort óvissa varðandi skipan skólamála næsta skólaár geri erfitt fyrir að hefja stefnumótandi vinnu, eins og að innleiða jákvæðan aga.

5. Bréf frá foreldrum leikskólabarna í Bláskógaskóla
 - Bréfinu vel tekið og vilji til að tryggja að leikskólastarfinu sé gert hærra undir höfði heldur en verið hefur frá sameiningu. Engar skýrar lausnir uppi á borðum hjá starfshópnum en málið er í skoðun.
 - Fulltrúar foreldrar áttu fund með stjórnendum og starfsfólki leikskólans í dag. Uppbyggilegur fundur um innra starfið á leikskólanum. Freyja mun semja samantekt og láta hina foreldrana vita af því sem fram fór á fundinum. Vonandi er þetta upphafið að öflugri samskiptum foreldra sín á milli og við leikskólann.
6. Foreldraráð í Álfaborg
 - Hefur gengið vel að manna. Gott að fá foreldra sem vilja sitja í lengri tíma heldur en eitt ár svo það skapist reynsla.
7. Foreldra/skólaráð í Bláskógaskóla
 - Virkja þarf foreldra/skólaráðið. Hugmyndir um að það verði sameiginlegt í leik- og grunnskóla.
 - Foreldrafélag gæti líka verið sameiginlegt í leik- og grunnskóla. Það þarf að skoða kosti og galla þess. Mikilvægt að hafa fulltrúa úr báðum deildum og gæta að öllum aldurstigum. Foreldrar grunnskólabarna hafa ekki borgað í sjóð, líkt og foreldrar leikskólabarna. Styrkur frá sveitafélaginu hefur komið til grunnskólans. Niðurstaðan sú að afla upplýsinga frá öðrum skólum og stefna að því að sameina félögin.

Grunnskólastig (17:00 – 18:00)

Mætt: Bryndís Böðvarsdóttir formaður (BB), Valgerður Sævarsdóttir varaformaður (VS), Freyja Rós Haraldsdóttir varamaður (FRH) f. Axel Sæland ritara (AS), Hrund Harðardóttir skólastjóri Bláskógaskóla (HH), Ingibjörg B. Baldursdóttir deildarstjóri (IB), Kristín Ingunn Haraldsdóttir fulltrúi foreldra grunnskóladeildar Bláskógaskóla (KIH), Hekla Hrönn Pálsdóttir, fulltrúi grunnskólakennara í Bláskógaskóla, Guðný Tómasdóttir (GT) fulltrúi Grímsnes- og Grafningshrepps.

1. Símenntunaráætlun – grunnskólakennara
 - a. Hrund skýrir frá nýjum áherslum í símenntun grunnskólakennara með nýja vinnumatinu. Áður héldu skólastjórar utan um þetta. Hver og einn kennari heldur nú betur utan um sitt. Vinnumatið gefur aukinn kost á að meta inn og gera ráð fyrir símenntun. Símenntun hvers kennara hefur áhrif á það hversu marga tíma hann kennir.
 - b. Í haust fóru allir á að minnsta kosti eins dags námskeið, rétt áður en starf haustsins fór af stað. Ánægja með þetta og vilji til að endurtaka næst.
 - c. Í ljósi þess að þetta verða tveir skólar næsta vetur verður sín hvor stefnan mótuð fyrir Laugarvatn og Reykholt.
 - d. Símenntunaráætlun mótast af því sem er í boði og áhuga kennara. Skólastefnan, sem er í mótun, mun líka hafa áhrif á áherslur.
 - e. Innleiðing nýja vinnumatsins felur í sér áskoranir og gæti verið þungt í vöfum fyrstu árin.
2. Skólaráð, foreldrafélag og nemendafélag og þeirra áætlanir
 - a. Sameiginlegt foreldrafélag hefur verið starfandi í Bláskógaskóla, fyrir Reykholt og Laugarvatn. Þegar skólarnir verða skildir í sundur þarf að hugsa hvernig þetta verður skipulagt.
 - b. Nýr formaður foreldrafélags hefur lýst áhuga á að hafa hafa fyrirlestur um netfíkn.

- c. Ný stjórn var kosin án þess að halda aðalfund. Stjórnin er ekki samsett eins og áður hafði verið ákveðið, með fulltrúa frá Laugarvatni, Reykholti og Grímsnes- og Grafningshreppi heldur eru allir fulltrúarnir frá Reykholti.
 - d. Það er á ábyrgð skólastjórnenda að stuðla að því að foreldrafélag sé starfandi.
 - e. Hvetja til þess að foreldrafélög í Reykholti og á Laugarvatni auglýsi viðburði og vinni saman, þó þau verði ekki sameiginleg.
 - f. Nemendafélagið er virkt. Skólahreysti, böll o.fl. Nemendafélög verði hvött til að vinna saman þó skólarnir verði ekki sameiginlegir.
 - g. Hugmynd um sameignilegt foreldrafélag leik- og grunnskóla á Laugarvatni fær góðar undirtektir. Setji sér reglur, t.d. að það séu viss margir fulltrúar frá báðum skólastigum.
3. Hrund segir frá góðu starfi. Annarlok og valinu slúttuð með blaki, körfuboltakeppni og tónleikum. Eftirvænting hjá nemendum og kennurum finnst líka gaman. Pals lestrartæknin hefur verið prófuð og er greinilega að skila góðum árangri. Verður sett í skólastefnuna.